



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Austrænir tónar

21. nóvember 2013



Aðalstyrktaraðili:



GAMMA



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Frón: 7'50"

Fiðlukonsert: 35'00"

The Rhyme of Taigu: 12'00"

Harmsaga Salóme: 29'30"

Tónleikarnir í kvöld eru haldnir í samvinnu við Kínversk-íslenska menningarfélagið, Kím, sem fagnar nú 60 ára starfsafmæli sínu. Kím var stofnað 20. október 1953 og er tilgangur félagsins að stuðla að gagnkvæmri kynningu á menningu Kína og Íslands.

Eftirtalin fyrirtæki styrktu komu einleikara og hljómsveitarstjóra kvöldsins:



Austrænir tónar

Tónleikar í Eldborg fimmtudaginn 21. nóvember » 19:30

Lan Shui hljómsveitarstjóri

Li Chuanyun einleikari

Áskell Másson

Frón (2003/2013)

Aram Khatsjaturjan

Fiðlukonsert í d - moll (1940)

Allegro con fermezza

Andante sostenuto

Allegro vivace

Hlé

Zhou Long

The Rhyme of Taigu (2003)

Andante

Lento and Accelerando

Presto

Florent Schmitt

Harmsaga Salóme – svíta (1910)

Forleikur

Perludansinn

Galdrafeikn á hafi úti

Eldingadansinn

Skelfingardansinn

Lan Shui

hljómssveitarstjóri



Lan Shui er fæddur í kínversku borginni Hangzou. Hann lagði stund á tónsmíðar og hljómssveitarstjórn við Tónlistarháskóla í Shanghai og Beijing og þreytti frumraun sína með Central-fílharmoníuhljómssveitinni í síðarnefndu borginni árið 1986. Hann stundaði frekara nám í Boston og hjá Leonard Bernstein í Tanglewood og starfaði síðar við Sinfóníuhljómssveitina í Baltimore. Þá var hann aðstoðarstjórnandi Neeme Järvi hjá Detroit-sinfóníuhljómssveitinni og vann á sama tíma með Kurt Masur hjá New York-fílharmoníunni og Pierre Boulez hjá Cleveland-hljómssveitinni. Lan Shui hefur verið listrænn leiðtogi Sinfóníuhljómssveitarinnar í Singapúr frá árinu 1997. Þá hefur hann undanfarin sex ár verið aðalstjórnandi Fílharmoníuhljómssveitarinnar í Kaupmannahöfn og listrænn ráðgjafi Þjóðarhljómssveitarinnar í Taiwan síðan 2010. Sem gestur hefur hann stjórnað mörgum nafntoguðum hljómssveitum bæði austan hafs og vestan þar á meðal fjölmörgum tónleikum Sinfóníuhljómssveitar Íslands á árunum 1994 til 1996.

Eftirfarandi mátti lesa í „American Record Guide“ árið 2010: „Ekki verður hjá því komist að bera árangur Lan Shui í Singapúr saman við það sem George Szell varð ágengt í Cleveland fyrir rúmri hálfri öld og Simon Rattle í Birmingham þremur áratugum síðar. Shui breytti miðlungshljómssveit í heimsklassa hljóðfæri sem úthellir hjarta sínu á hverjum einustu tónleikum.“

Lan Shui hefur ferðast með hljómssveit sinni, Sinfóníuhljómssveitinni í Singapúr vítt og breitt um Evrópu, Asíu og Bandaríkin. Frá árinu 1998 hefur hann hljóðritað 16 geisladiska fyrir BIS-útgáfuna, þar á meðal fyrstu heildarútgáfu af sinfóníum Alexanders Tcherepnin með Singapúr-hljómssveitinni og verk eftir Malcolm Arnold og Paul Hindemith með Sinfóníuhljómssveitinni í Malmö. Hann hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín, m.a. tvær tilnefningar til Grammy-verðlauna.

Li Chuanyun

einleikari



Li hóf fiðlunám sitt aðeins þriggja ára að aldri og hlaut fyrstu verðlaun fyrir leik sinn fimm ára gamall í fiðlukeppni ungs fólks í Beijing. Árið 1986 flutti hann ásamt fjölskyldu sinni til Hong Kong þar sem hann hélt áfram námi. Að því loknu sneri hann aftur til Beijing þar sem hann nam undir handleiðslu hins heimskunna fiðlukennara Yaoji Lin. Ellefu ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fimmtu alþjóðlegu Wieniawski fiðlukeppninni og er yngstur allra til að vinna þá keppni. Var það samdóma álit allra 20 dómara frá 11 löndum að hér væru óvenjulegir hæfileikar á ferð. 1996 hlaut hann fullan námsstyrk við Juilliard-tónlistarskólann í New York en þar voru kennarar hans Dorothy DeLay, Itzak Perlman og Hyo Kang.

Li Chuanyun jók hróður sinn enn frekar þegar hann spilaði og lék í kvikmyndinni *Together* sem Golden Globe vinningshafinn Chen Kaige leikstýrði árið 2002. Tveimur árum síðar kom hann fram í heimildarmynd í þáttaröð Radio Television Hong Kong um kínverska afburðamenn í tónlist ásamt píanóleikurunum Lang Lang og Yundi Li. Hann hefur hlotið fjölda verðlauna og komið fram með hljómsveitum víða um heim þar á meðal hljómsveitinni Philharmonia í Lundúnum undir stjórn Vladimirs Ashkenazy og Fílharmóníuhljómsveitinni í Rotterdam undir stjórn Valerys Gergiev. Þá hefur hann leikið inn á fjölda geisla- og mynddíska.

Li Chuanyun leikur nú í þriðja sinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann kom fyrst árið 1995 og lék fyrsta fiðlukonsert Paganinis. Þá hljóp hann í skarðið fyrir Maxim Vengerov á opnunartónleikum hljómsveitarinnar haustið 2003 og spilaði *Symphonie espagnole op. 21* eftir Edouard Lalo og *Tzigane* eftir Maurice Ravel undir stjórn Rumons Gamba.

Áskell Másson

Frón



Tónlistin á Íslandi

Aram Khatsjaturján stjórnaði hinni rúmlega árgömlu Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Þjóðleikhúsinu í 29. mars 1951. Á efnisskránni voru fjögur verk Khatsjaturjans, Sorgaróður í minningu Leníns, Orrustan um Stalíngrad, Grímudansleikurinn [svíta] og Gajane [ballettsvíta]. Á efnisskránni var einnig Kvöldlokka Tsjajkovskíjs fyrir strengi op. 48 sem Róbert Abraham Ottósson stjórnaði. Hann stjórnaði einnig þegar tónleikarnir voru endurteknir tveimur dögum síðar en í þetta skipti konsertariu op. 82 eftir úkraínska tónskáldið Reinhold Glière. Rússneska sópransöngkonan Nadezda Kazantzeva fór með einsöngshlutverkið.

Áskell Másson fæddist í Reykjavík 21. nóvember árið 1953. Sinfóníuhljómsveit Íslands heiðrar hann á afmælisdaginn með flutningi á verki hans *Frón* sem hljómsveitin pantaði og flutti á ferð sinni til Þýskalands í desember 2003.

Áskell er í röð fremstu og afkastamestu tónskálda þjóðarinnar. Verk hans eru tjáningarrík og rithátturinn glæsilegur. Hann vakti snemma alþjóðlega athygli fyrir frumleika og óvenjulega nálgun í tónsmíðum sínum fyrir slagverk og eru mörg þessara verka skylduverkefni í tónlistarháskólum víða í Evrópu, Japan og Bandaríkjunum.

Verk Áskels heyrast reglulega í virtustu tónleikahúsum heims í flutningi nafntogaðra hljómsveita, einleikara og stjórnenda. Fíharmóníuhljómsveitin í New York, slagverkssnillingurinn Dame Evelyn Glennie og hljómsveitarstjórinn Esa-Pekka Salonen eru stök dæmi um listamenn sem flutt hafa tónlist hans.

Meðal helstu verka Áskels eru óperan *Klakahöllin*, *Cecilia* óratórían, þrjár sinfóníur, 15 konsertar og hljómsveitarverkin *Rún*, *Frón*, *För*, *Októ Nóvember* [samið í minningu langafa Áskels sem hét þessu nafni] og *Hvörf*, kammerhljómsveitarverkin *Elja*, *Ymni*, *Maes Howe* og gnægð sóló- og kammerverka fyrir fjölmargar hljóðfærasamsetningar. Þá hefur hann samið kvikmyndatónlist, leikhúsmúsík og tónlist fyrir sjónvarpsþætti.

Frón heyrir nú í nýrri, endurskoðaðri útgáfu höfundar og er um frumflutning þeirrar gerðar að ræða. Breytingarnar snúa einkum að notkun á málmblásturs- og slagverkshljóðfærum. Verkið er í léttum stíl þar sem höfundurinn leikur sér með íslensk þjóðlög og strax í upphafi kynna hornin brot úr þremur elstu stefnum sem varðveist hafa hér á Fróni. Í verkinu fær sólókontrabassi það hlutverk að spila fangamark höfundar og fetar Áskell þar í spor þekktra kollega sinna, til að mynda Dmítríjs Shostakovitsj.

Aram Khatsjaturjan

Fiðlukonsert í d - moll



Tónskáldið hóf að semja fiðlukonsertinn sem tileinkaður er David Oistrakh sumarið 1940 og lauk honum á aðeins tveimur mánuðum. „Þegar uppkastið var tilbúið bauð fiðluleikarinn mér á sveitasetur sitt. Ég spilaði verkið fyrir hann (á píanóið) með áherslu á samhengið, hljómana í vinstri hönd og fiðlupartinn í þeirri hægri og söng það sem útaf stóð af fiðlupartinum með undirspilinu ... Stuttu seinna kom Oistrakh til að leika konsertinn fyrir mig. Bústaðurinn minn var fullur af fólki. Það var sumar, dyrnar útaf pallinn stóðu opnar og margir músikantar viðstaddir. Oistrakh spilaði eins og hann hefði æft konsertinn mánuðum saman. Það sama gerðist síðar á tónleikapallinum.“ *Fiðlukonsertinn* var frumfluttur í Moskvu 16. nóvember 1940. Oistrakh lék einleik með Sovésku ríkishljómsveitinni undir stjórn Alexanders Gauk og voru tónleikarnir liður í tíu daga hátíð sem tileinkuð var sovéskri tónlist. Á hátíðinni heyrðist meðal annars píanókvintett Shostakovitsj í fyrsta sinn.

Tónlistin á Íslandi

Fiðlukonsert Khatsjaturjans var fyrst fluttur á tónleikum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands í Þjóðleikhúsinu 8. nóvember 1960. Einleikari var rússneski fiðluleikarinn Rafail Sobolevski og stjórnandi Páll P. Pálsson. Rico Saccani stjórnaði konsertinum í Háskólabíói röskum 39 árum síðar með bandaríska fiðluleikaranum Liviu Sohn á einleikarapallinum. Judith Ingólfsson lék síðan verkið með hljómsveitinni undir stjórn Saccanis á nokkrum tónleikum hér heima og í Bandaríkjunum haustið 2000.

Fiðlukonsertinn náði miklum vinsældum þegar fyrsta hljóðritun Oistrakhs fór að heyrast eftir lok heimsstyrjaldarinnar og flutti Oistrakh konsertinn margsinnis, m.a. undir stjórn höfundarins. Verkið er glæsilegt og gera austurlensk áhrif og munúðarfullar laglínur tónmálið einkar hrifandi. Að Oistrakh gengnum heyrðist konsertinn æ sjaldnar en á síðari árum hafa ungir fiðluleikarar hafið hann á ný til vegs og virðingar.

Aram Khatsjaturjan (1903–1978) er ásamt Sergej Prokofjev og Dmítríj Shostakovitsj af mörgum álitinn einn af risum sovéskra tónskálda. Hann er af armensku bergi brotinn en fæddist í Tiflis í Georgíu. Átján ára gamall flutti hann til Moskvu og lauk prófi frá tónlistarháskóla borgarinnar árið 1934. Þekktustu verk hans eru *Sverðdansinn* og *Adagio* úr ballettinum *Spartacus*.

Zhou Long

The Rhyme of Taigu



Tónskáldið hefur orðið: „Hugmyndin að *The Rhyme of Taigu* er fengin úr kammerverki sem pantað var af Kammer-tónlistarfélaginu í Minnesota og Theater Mu sem er japanskur taiko-nútímatónlistarhópur. Hljóðfærasamsetning verksins er klarínetta, fiðla, selló og þrjár trommuleikarar. Vinnan að verkinu fyrir hópinn kom mér til að hugsa um hinar þjóðlegu trommur og fornt listform þeirra.

Taigu er kínverskur framburður japanska orðsins taiko [sem merkir „feit tromma“ vegna ávalrar lögunar]. Þó að aldagömul hefð sé í Japan fyrir taiko-trommuslætti má rekja hana aftur í búddíska hirðsiði kínverska aðalsins. Róttin er vissulega sú sama, en hið japanska taiko þróaðist í mjög nákvæmlega afmarkaða flokka og tegundir trommusláttar eftir tilgangi og samhengi flutningsins. Þannig er *Gagaku* hirðtónlist og *Noh* og *Kabuki* leikhústónlist. Sérstakt afbrigði er fyrir Búddista- og Shinto trúarathafnir, annað til merkjasendinga í hernaði og enn eitt markaði tíma sólarhringsins. Taiko varð einnig ómissandi hluti af japönsku þorpplífi og var notað í trúarathöfnum til að biðja um mikla uppskeru eða góða veiði en einnig til að sefa anda forfeðranna. Kínversk taigo-tónlist sem og hirðtónlist frá tímabili Tang keisaraættarinnar (618–907) er nær eingöngu þekkt úr skrifuðum heimildum. Því hef ég notað ímyndunaraflið til að blása lífi í hið forna listform og flutt hefðbundna kínverska og japanska frumþætti þess inn í vestrænan tónlistarhóp nútímans.“

Lan Shui stjórnaði Sinfóníuhljómsveitinni í Singapúr þegar hljómsveitargerðin af *The Rhyme of Taigu* var frumflutt í heimaborg hljómsveitarinnar í maí 2003.

Zhou Long fæddist í Beijing árið 1953 og tilheyrir hópi kínverskra tónlistarmanna sem ólust upp á árum menningarbyltingarinnar. Hann býr nú og starfar í Bandaríkjunum. Zhou hlaut Pulitzer verðlaunin í tónlist fyrir fyrstu óperu sína *Madame White Snake* árið 2011.

Florent Schmitt

Harmsaga Salóme



Óperan *Salóme* eftir Richard Strauss við texta Oscars Wilde var frumflutt í Dresden í desember 1905. Nokkrum mánuðum eftir franskan frumflutning óperunnar í Châtelet leikhúsinu í París í maí 1907 ákvað nýráðinn yfirmaður Théâtre des Arts leikhússins, Robert d'Humières, að panta ballettverk sem byggði á hans eigin texta um stjúpdóttur Heródesar. Hann hafði nýlega heyrt og hrifist af verki Florents Schmitt *Sálmí 47* og ákvað að fela honum verkefnið. Schmitt voru settar þröngar skorður, hann þurfti að ljúka verkinu innan tveggja mánaða og hljómsveitin mátti aðeins telja tuttugu hljóðfæraleikara. Ballettinn *La Tragédie de Salome* var síðan frumfluttur árið 1908. Tveimur árum síðar samdi Schmitt svítu uppúr verkinu. Hann stækkaði hljómsveitina til muna en strikaði út fjóra kafla sem stytta verkið um rúman helming.

Florent Schmitt (1870–1958) fæddist í Meurthe-et-Moselle sem er sýsla í norðausturhluta Frakklands. Nítján ára gamall innritaðist hann í Tónlistarháskólann í París þar sem kennarar hans voru meðal annarra Gabriel Fauré og Jules Massenet. Aldamótaárið 1900 vann hann tónskáldaverðlaunin Prix de Rome. Verk hans voru mikið flutt fyrstu áratugi 20. aldar en velvild hans í garð Þjóðverja og tengslin við Vichy stjórnina á árum seinni heimsstyrjaldarinnar aflaði honum og verkum hans óvinsælda sem voruð langt fram á öldina og gera ef til vill enn. Eftirminnilegasta dæmið um viðsnúning í áliti á verkum Schmitts er aðdáun Stravinskíjs á *Harmsögu Salóme* sem hann í bréfi til tónskáldsins segir vera snilldarverk. Þessi ummæli dró hann síðar til baka. Það breytir ekki þeirri staðreynd Florent Schmitt var merkilegt tónskáld og væri fengur að heyra oftast fjölbreytt verk hans sem urðu 138 talsins.

Sigurður Ingvi Snorrason

Hljómsveit á tónleikum

21. nóvember 2013

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Pálína Árnadóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Mark Reedman
Olga Björk Ólafsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell
Joanna Bauer
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovísa Fjeldsted
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Borgar Þór Magnason

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Katarzyna Zdybel
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir
Helgi Svavarsson

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

PÍANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

Arna Kristín Einarisdóttir framkvæmdastjóri
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grimsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen, nota- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri.

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri
Una Eyþórsdóttir mannaútsjóri
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómssveitarstjóri og listrænn stjórnandi

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjórðingafundisjóna

Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, www.gamma.is



GAMMA

GAM Management hf



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Aðventutónleikar Sinfóníunnar

Einsöngvari er Hallveig Rúnarsdóttir.

Fim. 5. des. » 19:30

Verð frá 2.300 kr.

Tryggið ykkur miða

Matthew Halls hljómsveitarstjóri
Hallveig Rúnarsdóttir einsöngvari

Fögnum aðventunni með hrifandi
hátíðartónlist meistaranna.
Bach, Mozart, Händel, Vivaldi
og Piazzolla.



Aðalstyrktaraðili:



GAMMA